

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 475/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er hópbifreið var ekið á hross þann 10.9.2011.****Gögn.**

186. Málskot, móttækið 17.11.2011, ásamt fylgigögnum.

187. Bréf X, dags 7.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hópbifreiðinni A var ekið á hross á Norðurlandsvegi við bæinn B í hreppnum D með þeim afleiðingum að hrossið drapst. Hrossið var í eigu M. Í lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að myrkur hafi verið, engin lýsing, en þurrt færi. Á þessum vegarkafli hafi vegsvæðið verið girt af með girðingu beggja vegna. Fjögur önnur hross hafi verið í aðhaldi við B og hafi þau öll verið innan girðingar. Við skoðun á girðingum við veginn og girðingu þeirri þar sem hrossin höfðu verið í aðhaldi reyndist girðingin meðfram veginum ónýtt á kafla þar sem hrossið hafði birst á veginum, en ekki hafi verið að sjá að girðing sú þar sem hrossin höfðu verið í aðhaldi hafi verið rofin. Engar tilkynningar höfðu borist lögreglu um lausagöngu hrossa á umræddum vegarkafli.

Ökumaður A kvaðst hafa verið á leið til Akureyrar og ekið á 80-90 km hraða á klst. með háan ljósgeisla. Skyndilega hafi hross komið frá hægri og inn á veginn og hafi A hafnað á hrossinu. Kvaðst ökumaðurinn hafa hemlað en allt komið fyrir ekki. Hemlaför eftir hægra afturhjóli A mældist 47,7 m og 63,2 m eftir vinstra afturhjóli.

M kvaðst nýverið hafa lánað ábúanda á B og konu hans hross, þ. á m. hrossið sem varð fyrir A, og hafi þau verið geymd í girðingu skammt norðan við B.

Fyrir liggur vottorð oddvita D, þar sem segir að veggirðing á B hafi verið tekin út 20.9.2011 af fulltrúa Vegagerðarinnar og oddvita D og hafi hún reynst vera í lagi, „að gefnum ástæðum er rétt að taka fram að girðing sú sem var tekin út sem veggirðing er vestan trjálundar.“

M hefur krafist bóta fyrir hrossið úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. 88. gr. ufl.

Samkvæmt 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 er lausaganga búfjár bönnuð á stofnvegum og tengivegum þar sem girt er báðum megin vegar og lokað er fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði. Girt var beggja megin vegarins þar sem óhappið átti sér stað. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir í gögnum málsins að umrætt vegsvæði hafi verið lokað fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði. Þá liggur heldur ekki fyrir að lausaganga hrossa hafi verið bönnuð á svæðinu á grundvelli laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. Þar sem ekki liggur fyrir að skilyrðum vegalaga um lausagöngu búfjár hafi að öllu leyti verið fullnægt né að viðkomandi sveitarfélag hafi bannað lausagöngu hrossa verður ekki fullyrt samkvæmt gögnum málsins að tjónið verði að einhverju leyti eða öllu rakið til þess að M eða aðrir sem ábyrgð báru á vörslu hrossins hafi ekki gætt hrossins í samræmi við lög. Að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á að M hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi. Eru því ekki skilyrði fyrir hendi til að beita heimild 3. mgr. 88. gr. ufl. til að lækka bætur eða fella niður vegna þess tjóns sem M varð fyrir við það að hrossið varð fyrir A. Ber því að bæta tjónið úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Hross í eigu M bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 11. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.